



HÉRAÐSDÓMUR
SUÐURLANDS

D Ó M U R

29. janúar 2010

Mál nr. S-429/2009:

Ákærandi: Ríkissaksóknari
(*Daði Kristjánsson saksóknari*)

Ákærði: X
(*Sigurður Sigurjónsson hrl./Suðurlandi*)

Dómari: Hjörtur O Aðalsteinsson dómstjóri
Ásgeir Magnússon héraðsdómari
Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari

Ár 2010, föstudaginn 29. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er í dómsal embættisins að Austurvegi 4, Selfossi af Hirti O. Aðalsteinssyni dómstjóra og meðdómsmönnum Ásgeiri Magnússyni og Ástríði Grímsdóttur, héraðsdómurum, í málinu nr. S-429/2009:

Ákærvaldið

(Daði Kristjánsson settur saksóknari)

gegn

X

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

kveðinn upp svohljóðandi

dómur:

Mál þetta er höfðað með ákæru ríkissaksóknara dagsettri 14. september sl. á hendur ákærða, X

„fyrir kynferðisbrot framin á árinu 2009 sem hér greinir:

I.

Með því að hafa um nokkurt skeið í apríl og fram til sunnudagsins 3. maí á heimili sínu og á óþekktum stöðum, áreitt stúlkuna A, sem þá var 13 ára gömul, ítrekað kynferðislega með lostugum og ósiðlegum samskiptum á internetinu, með því að hafa átt orðaskipti við stúlkuna um kynlíf og kynlífshegðun, viðhaft meðal annars klúrt orðbragð um samræði og önnur kynferðismök og kynferðislegar langanir, boðist til að veita stúlkunni kynferðislega leiðsögn og leitast við að hitta hana í kynferðislegum tilgangi.

Telst þetta aðallega varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, 4. gr. laga nr. 40/2003 og 11. gr. laga nr. 61/2007, en til vara við 209. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992, og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

II.

Með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 10. maí farið að sundlauginni í Laugaskarði, Hveragerði, í því skyni að áreita stúlkuna A, sem þá var 13 ára gömul, kynferðislega og hafa við hana kynferðismök, með því að kyssa hana á munninn og káfa á brjóstum hennar, snerta líkama hennar og kynfæri og sleikja þau og láta hana snerta á honum líkamann, en ákærði gerði ráð fyrir að hitta stúlkuna þar eftir samskipti við viðmælanda á internetinu fyrir um nóttina, sem hann taldi vera stúlkuna en reyndist vera lögreglumaður.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 202. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu B, vegna ólögráða A, er krafist miskabóta að fjárhæð kr. 300.000 auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 15. apríl 2009 þar til er mánuður er liðinn frá birtingu einkaréttarkröfu, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.“

Málavextir.

Þann 30. apríl 2009 hafði B, samband við lögreglu í því skyni að tilkynna um samskipti dóttur hennar, A, við eldri mann í gegnum svokallað MSN. Hafði B áhyggjur af málinu þar sem samskiptin væru klámfengin og hefði dóttir hennar jafnvel ákveðið að hitta manninn. Lögreglan fékk þær upplýsingar frá símafyrirtækjum að ekki væri hægt að rekja IP-tölur vegna þessara samskipta og þá fengust þau svör frá tölvurannsóknardeild lögreglunnar að ekki væri unnt að finna út hverjir væru bak við netfang mannsins. Ákvað lögregla því í samráði við B og félagsmálafulltrúa í Hveragerði að halda samskiptunum við manninn áfram í því skyni að freista þess að finna út hver væri þarna að verki. Þann 5. maí sama ár tengdi C rannsóknarlögreglumaður sig inn á MSN í nafni A og fóru þar fram einhver samskipti sem ekki voru vistuð. Segir í lögregluskýrslu að ekki hafi verið um klámfengið tal að ræða en rétt hefði verið um að þau myndu hittast eitthvert kvöldið. Þann 9. maí skráði

C sig aftur inn á MSN í nafni A og munu samskiptin hafa endað með því að viðkomandi ákvað að koma í Hveragerði og hitta A. Í kjölfar þessara samskipta vissi lögreglan að maðurinn væri 25 ára gamall sendibílstjóri. Þá var vitað að hann ætti [...]. Laust fyrir kl. tvö aðfaranótt sunnudagsins 10. maí sama ár sáu lögreglumenn að bifreiðinni [...] var ekið að sundlauginni í Laugaskarði og reyndist ökumaður hennar vera ákærði í máli þessu. Kvaðst hann hafa verið á leið frá Reykjavík til að hitta vini sína á Selfossi, en hann hafi komið við í Laugaskarði til að hitta frænda sinn fyrst. Var ákærði þá handtekinn og breytti hann þá framburði sínum og kvaðst hann þá hafa ætlað að hitta stúlku, A að nafni, sem hann hefði rætt við á netinu og vissi hann ekki betur en hún væri 18 ára.

Lögregla ræddi við A vegna málsins og kvaðst hún ásamt D vinkonu sinni hafa kynnst manni á chat.is sem kallaði sig Velvakanda. Haft er eftir A í upplýsingaskýrslu lögreglu að D hefði logið að manningnum að þær væru 18 ára vandræðaunglingar sem drykkju og reyktu. Hefðu þær gefið manningnum MSN netfang sitt og kvaðst A hafa spjallað við hann þar u.þ.b. tíu sinnum. A kvaðst hafa sagt manningnum að hún væri 13 ára að verða 14. Við yfirheyrslu hjá lögreglu sama dag kvað hún D hafa logið að manningnum að hún væri eldri en hún er, en D er einu ári yngri en A. A kannaðist ekki við að þær hefðu sagt manningnum að þær væru yngri en þetta.

D var yfirheyrð hjá lögreglu 29. maí sl. og skýrði m.a. svo frá að þær hefðu sagt manningnum að þær væru 95 og 96 „módel“. Þá hafi maðurinn sagt „já næs“ og spurt hvort þær væru hreinar og hvort þær væru blautar. Þá hafi maðurinn sagst hafa verið að rúnka sér og horfa á klám. D kannaðist ekki við að þær hafi sagst vera eldri en þær voru. Hún neitaði því að þær hefðu rætt um að hitta manninn. Hann hefði spurt hvort þær vildu hitta hann en þær hafi þá sagt að þær væru ekki fyrir eldri gaura því hann segðist vera 25 ára.

Lögð hafa verið fram í málinu netsamskipti A og ákærða frá 30. apríl til 3. maí 2009. Þar kemur ekkert fram um aldur stúlkunnar en ákærði ræðir um að hún gæti hitt hann ef smá „gredda“ væri í henni og hefði hún ekkert annað að gera nema að svala „greddunni“. Stúlkan svarar og segist vera mjög feimin og ætli hún að vera hrein mey. Ákærði segir hana hafa engu að tapa, bara kela smá, ekki ríða endilega. Stúlkan lætur ákærða þá vita að hún hafi aldrei gert neitt þannig, að hún kunni það ekki. Ákærði segir það ekki hafa verið ætlunina að hitta hana, ríða henni og búið. Hann geti bara kysst og strokið og kennt henni það sem hún vilji, ekkert harkalegt, bara „næs“

og svoleiðis eða kelerí. Strjúka og gæla við hvort annað, gera það bara rólega og sjá hvað hún „filar“ og hvað henni finnst gott. Þá hafa verið lögð fram samskipti lögreglukonunnar í nafni A við ákærða frá 9. maí sama ár. Þar leggja þau á ráðin um að hittast og segist ákærði myndu koma og strjúka hana alla, kyssa hana og strjúka á henni brjóstin. Ákærði ítrekar að þau þurfi ekkert að ríða en segir samt hægt að fullnægja henni með því að sleikja á henni snípinn svo hún fái það. Þá spyr ákærði hvort þetta sé ekki leyndarmálið þeirra. Þau sammælast um að hittast við sundlaugina og ákærði ítrekar að hann ætli ekkert að ríða henni, kannski strjúka píkuna. Þá segist hann virða það að hún vilji vera hrein. Í þessum samskiptum kemur ekkert fram um aldur stúlkunnar.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi farið inn á chat.is og farið að spjalla þar við tvær stúlkur rétt eftir páska 2009 í þrjú eða fjögur skipti og hafi önnur þeirra verið A. Hún hafi gefið honum MSN-netfangið sitt. Hann kvað hana hafa sagst vera 18 ára og hafi þau haldið áfram að spjalla um heima og geima. Þau hafi rætt um að hittast og kvaðst hann þá ekki hafa vitað annað en að hún væri 18 ára. Hún hafi sagst vera hrein mey og þá hafi vaknað spurning um hvort hún væri yngri en hún hefði sagt honum. Hún hafi spurt hann hvað hann myndi gera ef hún væri yngri en hún hefði sagt honum. Ákærði kannaðist ekki við að hafa gefið upp að hann væri 14 ára, hann hafi sagt þeim að hann væri 24 ára. Hann kvað A hafa töluna 95 í netfangi sínu en hann kvaðst ekki hafa tengt það við fæðingarár stúlkunnar, en fólk noti ýmsar tölur í slíkum netföngum. Ákærði kvaðst hafa verið farið að gruna að A væri yngri en hún hélt fram í fyrstu. Kvaðst hann hafa ráðið þetta af hegðun hennar og svörum. Ákærði kvað A hafa svarað því í lok samskipta þeirra eða í lok apríl að hún væri 13 ára. Ákærði staðfesti þann framburð sinn hjá lögreglu 10. maí að hann hefði haft vitneskju um aldur stúlkunnar um einni og hálfri viku fyrir þá skýrslutöku. Ákærði kvað samskipti þeirra hafa minnkað eftir þetta en þau hafi verið á sömu nótum á áður, þ.á m. kynferðisleg, eins og stúlkan væri 18 ára. Hafi m.a. verið talað um að totta og ríða. Ákærði kvaðst ekki hafa trúað því að stúlkan væri 13 ára gömul. Ákærði kannaðist við að hafa ætlað að hitta stúlkuna til þess að ganga úr skugga um aldur hennar þegar hann var handtekinn. Hefði stúlkan verið 18 ára hefði hann verið reiðubúinn að eiga kynferðissamband við hana. Aðspurður hvers vegna hann hefði

ekki getið þessa í fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu kvað ákærði skýringuna þá að hann hefði verið í sjokki. Ákærði staðfesti að netsamskipti þau sem rakin hafa verið hér að framan væru milli hans og stúlkunnar. Ákærði kannaðist við að hafa leynt lögreglu tilgangi ferðar sinnar þegar hann var handtekinn við sundlaugina. Ákærði kvaðst hafa verið í „sjokki“ og ekki hafa vitað hvernig hann ætti að haga sér. Ákærði neitaði því að þegar hann talaði um leyndarmál við stúlkuna hafi það verið sökum þess að um unga stúlku væri að ræða og það mætti ekki fréttast.

Ákærði kvað sér hafa liðið mjög illa eftir að þetta gerðist. Hann hafi orðið þunglyndur, hugleitt sjálfsvíg og íhugað að segja upp atvinnu sinni. Hann hafi farið í viðtöl til sálfræðings og sé hann nú að reyna að takast á við vandamál sín með aðstoð hans. Ákærði kvaðst hvorki reykja né drekka og vera virkur í félagslífi. Hann kvaðst nýlega hafa kynnst erlendri stúlku sem býr í E og væru þau að hittast, t.d. væri hann að fara út um jólin til að hitta hana.

Brotapoli, A, gaf dómskýrslu í Barnahúsi 19. maí sl. Hún skýrði svo frá að hún og D vinkona hennar hefðu byrjað að tala við mann á netinu og hefði D logið því að honum að þær væru vandræðaunglingar sem reyktu og drykkju og væru búnar að gera það nokkrum sinnum. Hún hafi gefið manninum MSN-netfangið sitt og hafi hann sagt fullt af dónalegum hlutum við sig. Hún kvað D hafa sagt manninum að þær væru 13 ára að verða 14 en hann hefði sjálfur sagst vera 25 ára. Maðurinn hefði talað um kynlíf og sagst vilja hitta hana eina og kenna henni að ríða og totta. Þau hafi ákveðið að hittast í Hveragerði á gamla heimili D en þau hafi farist á mis. Þá hafi þær ákveðið að hitta hann aftur á bensínstöð í Hveragerði en hann hafi ekki komið. A kvað sér ekki hafa liðið vel út af þessu, hún hafi verið hrædd um að hann myndi finna hana. Samskipti þeirra hafi síðan endað þegar móðir hennar sá samskipti hennar við manninn.

Vitnið B, móðir A, skýrði svo frá fyrir dómi að hún hefði komist að því að dóttir hennar hefði átt í ansi ljótum samskiptum við mann á netinu og taldi hún manninn hafa sýnt einbeittan vilja til að koma sínu fram við barnið. Hún kvaðst ekki muna hvort komið hafi fram í þessum samskiptum hversu gömul A var. Kvaðst hún hafa látið lögreglu vita og veitt henni aðgang að tölvunni í því skyni að ræða við manninn í nafni dóttur hennar. Hún kvað lögregluna ekki hafa tekið tölvuna til skoðunar og hafi það ekki komið til tals. Hún kvað dóttur sína hafa sagt sér að hún hefði sagt manninum hversu gömul hún væri. Hún kvað að dóttur sinni hefði liðið

mjög illa eftir að mál þetta kom upp, hún hafi fundið fyrir skömm og hræðslu og hafi vitað að hún hafi gert eitthvað sem ekki væri rétt en kynni enga leið út úr því.

Vitnið E lögregluvarðstjóri skýrði svo frá fyrir dómi að hann hefði staðið að handtöku ákærða í Hveragerði við sundlaugina í Laugaskarði. Hann kvaðst hafa talað við ákærða sem kvaðst hafa verið á leið til Selfoss til að hitta vini sína en fyrst hafi hann ætlað að hitta frænda sinn. Þegar honum hafi verið kynnt að hann væri grunaður um að ætla að hitta 13 ára stúlku hafi hann breytt framburði sínum og kannast við að hafa ætlað að hitta stúlku, A að nafni og teldi hann að hún væri 18 ára gömul. Ákærði hafi virst mjög stressaður en hann hafi verið mjög kurteis og rólegur.

Vitnið C rannsóknarlögreglumaður skýrði svo frá fyrir dómi að borist hafi tilkynning um að maður hefði verið að ræða við unga stúlku á MSN, en ekki væri vitað um hvern væri að ræða. Hafi þær upplýsingar fengist að ekki væri hægt að rekja ip-tölu mannsins og hafi því verið ákveðið að vitnið skráði sig inn á netið í nafni A í þeim tilgangi að hafa uppi á manninum. Taldi vitnið enga aðra leið hafa verið færa til að hafa uppi á manninum. Hafi þar verið um að ræða ákvörðun lögreglustjórnar, þar á meðal staðgengils lögreglustjóra. Hafi þessi samskipti leitt til handtöku ákærða í Hveragerði.

Vitnið D gaf skýrslu í Barnahúsi við aðalmeðferð málsins. Hún skýrði svo frá að þær A hefðu verið í netsamskiptum við mann sem í fyrstu hafi sagst vera 14 ára en síðan 18 ára. Hafi hann sagst vera hrifinn af gröðum stelpum og síðar viðurkennt að hann væri 20 og eitthvað ára. Þær hafi látið hann vita strax í byrjun að vitnið væri 12 ára en A 13 ára. Hann hafi spurt hvort þær væru hreinar og hafi þær játað því og þá hafi hann stungið upp á því að hitta þær. Vitnið kvaðst hafa frétt af því síðar að A hafi látið hann hafa netfangið sitt og haft samskipti við manninn.

Niðurstaða.

Ákærða er gefið að sök annars vegar að hafa ítrekað áreitt brotaþola kynferðislega með lostugum og ósiðlegum samskiptum á internetinu og hins vegar fyrir tilraun til að áreita brotaþola kynferðislega og hafa við hana kynferðismök, allt eins og nánar er rakið í ákæru. Ákærði hefur viðurkennt að samskipti hans við stúlkuna hafi verið á þeim nótum er hér að framan greinir. Brotaþoli var 13 ára gömul þegar þessi samskipti áttu sér stað og kemur þá til skoðunar hvort ákærða hafi verið það ljóst. Brotaþoli og D vinkona hennar eru sammála um að þær hafi tjáð ákærða að

brotapoli væri 13 ára gömul. Ákærði kvaðst hafa verið farið að gruna að brotapoli væri yngri en hún hélt fram í fyrstu og kvaðst hann hafa ráðið þetta af hegðun hennar og svörum. kærði kvað brotapola hafa svarað því í lok samskipta þeirra eða í lok apríl að hún væri 13 ára. Þá staðfesti ákærði þann framburð sinn hjá lögreglu 10. maí 2009 að hann hefði haft vitneskju um aldur stúlkunnar um einni og hálfri viku fyrir þá skýrslutöku. Ákærði kvað samskipti þeirra hafa minnkað eftir þetta en þau hafi verið á sömu nótum á áður, þ.á m. kynferðisleg, eins og stúlkan væri 18 ára. Hafi m.a. verið talað um að totta og ríða. Samkvæmt framansögðu er því nægilega sannað að ákærða hafi ekki getað dulist að hann átti í kynferðislegum samskiptum á internetinu við 13 ára stúlku. Hefur ákærði með þessari háttsemi sinni brotið gegn 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga eins og honum er gefið að sök í I. lið ákæru.

Ákærði hefur gefið þá skýringu á ferð sinni til Hveragerðis að hann hafi ætlað að hitta stúlkuna til þess að ganga úr skugga um aldur hennar. Hefði stúlkan verið 18 ára hefði hann verið reiðubúinn að eiga kynferðissamband við hana. Eins og að framan hefur verið rakið telst nægilega sannað að ákærða hafi ekki getað dulist að stúlkan væri 13 ára gömul og benda samskipti hans við lögreglukonuna í nafni brotapola til þess að það hafi verið eindreginn ásetningur hans að áreita stúlkuna kynferðislega og hafa við hana kynferðismök önnur en samræði, hvað sem aldri hennar liði. Ljóst er af gögnum málsins að lögregla hafði engin önnur úrræði til að hafa uppi á ákærða en að beita þeirri aðferð að tæla hann á tiltekinn stað. Samkvæmt 89. gr. laga um meðferð sakamála er dómismálaráðherra heimilt að tillögu ríkissaksóknara að setja reglur um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála, svo sem um notkun tálbeita o.fl. Þessar reglur hafa ekki verið settar en upplýst hefur verið fyrir dóminum að farið sé eftir fyrirmælum ríkissaksóknara frá 1. júlí 1999 um notkun tálbeitu. Kemur þar fram að slík ákvörðun skuli tekin af lögreglustjóra eða staðgengli hans og sé heimilt að nota tálbeitu þegar sterkur grunur sé um að verið sé að fremja eða reynt verði að fremja alvarlegt brot. Verði að vera ástæða til að ætla að með notkun tálbeitu fáiast upplýsingar sem skipt geti verulega miklu fyrir rannsókn máls og önnur rannsóknarúrræði dugi ekki til að frá slíkar upplýsingar. Þá verði rannsókn að beinast að broti sem varðað geti átta ára fangelsi og ekki megi nota tálbeitu til að kalla fram refsiverða háttsemi sem ella hefði ekki verið framin. Eins og hér háttar til var verið að rannsaka kynferðisbrot gegn barni sem gæti varðað allt að 16 ára fangelsi ef sannað yrði. Verður ekki annað séð en að farið hafi verið eftir þeim fyrirmælum sem lögreglu hafa verið sett um notkun tálbeitu.

Voru þessar aðgerðir lögreglu því lögmætar, enda ljóst að ekki voru aðrar aðferðir tiltækar til að hafa uppi á ákærða. Er því sannað að ákærði hafi gerst sekur um tilraun til að áreita brotþola kynferðislega og hafa við hana kynferðismök eins og nánar er rakið í II. lið ákæru. Er brot hans þar rétt fært til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður gerst sekur um refsiverða hegðun.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar. Brot hans beindust gegn 13 ára stúlkubarni en hann var þá rétt tæplega þrítugur að aldri. Ekki kom til þess að um líkamlega snertingu yrði að ræða en orðbragð ákærða var til þess fallið að valda stúlkunni ótta um að kynfrelsi hennar kynni að vera í hættu. Þá ber einnig að líta til þess að samkvæmt II. ákærulið var um tilraunaverknað að ræða. Að öllu framangreindu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði en fullnustu hennar þykir mega fresta og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu bótakrefjanda er krafist miskabóta að fjárhæð 300.000 krónur með vísan til 26. gr. skaðabótalaga og var krafan kynnt ákærða 27. júlí sl. Ákærði krefst aðallega frávísunar bótakröfunnar en til vara að hann verði sýknaður af henni. Komi til sakfellingar krefst ákærði verulegrar lækkunar kröfunnar. Ákærði hefur gerst sekur um kynferðisbrot gegn brotþola og á hún rétt á miskabótum úr hendi hans með vísan til 26. gr. skaðabótalaga. Við ákvörðun miskabóta ber að hafa í huga að háttsemi ákærða beindist að 13 ára stúlku og kynferðisleg og klámfengin skilaboð ákærða til hennar voru til þess fallin að valda henni andlegu tjóni. Hins vegar verður ekki talið að háttsemi ákærða samkvæmt II. lið ákærunnar hafi valdið brotþola tjóni, enda voru samskipti ákærða við lögreglukonu í nafni stúlkunnar. Að þessu virtu þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 150.000 krónur og ber sú fjárhæð vexti eins og nánar greinir í dómsorði.

Með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga um meðferð sakamála ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin þóknun skipaðs verjanda hans, Sigurðar Sigurjónssonar hrl., 500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 13.855 krónur vegna ferðakostnaðar lögmannsins að meðtöldum virðisaukaskatti og útlagðan kostnað vegna starfa verjanda á rannsóknarstigi, 434.356 krónur. Þá greiði ákærði einnig þóknun skipaðs réttargæslumanns bótakrefjanda, Gunnhildar Pétursdóttur, hdl., 150.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, sbr. 48. gr. og 216. gr. laga um

meðferð sakamála, vegna starfa hennar á rannsóknarstigi málsins og jafnframt vegna starfa hennar við að halda fram kröfunni fyrir dómi.

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Ásgeiri Magnússyni og Ástríði Grímsdóttur héraðsdómurum. Dómsuppkvaðning hefur dregist fram yfir lögbundinn frest en dómarar og sakflytjendur töldu ekki þörf endurflutnings, sbr. 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð sakamála.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 12 mánuði en fullnustu refsingarinnar skal frestað og fellur hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði B vegna A, miskabætur að fjárhæð 150.000 krónur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 15. apríl 2009 til 27. ágúst 2009, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin þóknun skipaðs verjanda hans, Sigurðar Sigurjónssonar hrl., 500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 13.855 krónur vegna ferðakostnaðar lögmannsins að meðtöldum virðisaukaskatti og útlagðan kostnað vegna starfa verjanda á rannsóknarstigi, 434.356 krónur. Þá greiði ákærði einnig þóknun skipaðs réttargæslumanns bótakrefjanda, Gunnhildar Pétursdóttur, hdl., 150.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti vegna starfa hennar á rannsóknarstigi málsins og jafnframt vegna starfa hennar við að halda fram kröfunni fyrir dómi.

Hjörtur O. Aðalsteinsson

Ásgeir Magnússon

Ástríður Grímsdóttir.